



# Ungmennaping

7. október 2021



**Reykjanesbær**

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



# Hvað er ungmennaping?



- Ungmennaping er vettvangur þar sem ungt fólk kemur saman og ræðir málefni sem brenna á þeim.
- Þegar ungmennaráð sveitarfélaganna halda ungmennaping er það gert til þess að heyra skoðanir ungmenna í sveitarfélaginu – um sveitarfélagið.
- Dæmi um málefni sem rædd eru á ungmennapingi eru skólamál, samgöngumál, geðheilbrigðismál, framboð frístunda í sveitarfélaginu o.fl.

- *Handbók ungmennaráða sveitarfélaganna, 2017.*





# Hvers vegna að halda ungmennaping?

- Reykjanesbær er að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla þjónustu sína og stefnumótun.
- Ungmennapingið er hluti af öðru skrefi innleiðingarinnar sem er *stöðumat*.
- Þegar sveitarfélag innleiðir Barnasáttmálann er **lögð áhersla á að ræða við börn og ungmenni** og gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á öllum málum sem þau varða á framfæri.
- Stefna um Barnvænt Ísland, markviss innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



# Ungmennaping 7. október 2021

- Í fyrsta sinn sem ungmennaping er haldið í Reykjanesbæ.
- Haldið í 88 húsinu þann 7. okt sl.
- Þingið var minna í sniðum en upphaflega var gert ráð fyrir.
- Á þinginu voru um 60 börn í 8., 9. og 10. bekk skráð og komu þau úr öllum grunnskólum Reykjanesbæjar.
- Umræðuspurningar lagðar fyrir fulltrúa UNICEF á Íslandi, stýrihóp og ungmennaráð.

# Ungmennaping 7. október 2021



- Fulltrúar ungmennaráðs Reykjanesbæjar sinntu hlutverki umræðustjóra og starfsmenn 88 hússins og Fjörheima hlutverki ritara.
- Líflegar umræður sköpuðust og höfðu ungmennin margt til málanna að leggja.
- Viðfangsefni þingsins var tvíþætt, annars vegar fræðsla og hins vegar var farið í vinnuhópa undir handleiðslu umræðustjóra þar sem staða ungmenna í sveitarfélaginu var rædd.
- Dregin var upp mynd af því sem betur mætti fara og einnig því sem er vel gert.



# Samantekt á helstu niðurstöðum

Tafla 1: Samantekt á helstu niðurstöðum ungmennapings frá október 2021

Skólamál	Íþróttir, tómstundir og félagsmál	Umhverfis- og samgöngumál	Forvarnir og fræðsla
<p>* Vinnuaðstaða: Að skólar hefjist á sama tíma. Þægilegri stóla, bekki, sófa o.fl.</p> <p>* Láta setja upp skólahreytibraut við fleiri skóla.</p> <p>* Trúnaðamenn nemenda í öllum skólum.</p> <p>Auðveldar börnum og ungmennum að koma á bændingum og hugmyndum á framfæri.</p> <p>* Kennsla eða fræðsla í fjármálalæsi.</p> <p>* Kennsla eða fræðsla í t.d. fjölmenningu, skyndihjál og táknmáli.</p> <p>* Meira um list- og verkgreinar.</p> <p>* Hafa val um skólasund á efsta stigi. Hafa kynjaskipt í sundi en ekki í íþróttum.</p> <p>* Fá sjálfala í alla skóla.</p> <p>* Bæta aðstöðu á lóðum grunnskóla. Fleiri leiktæki og meiri afþeygingu.</p> <p>* Hafa val um fleiri tungumál t.d. spænsku og frönsku, skoða sem valgrein.</p> <p>* Nemendur fái meiri aðstoð við heimanám.</p> <p>* Skoða hvort allir skólar geti tekið upp „Vinnustund“ eins og Akurskóli.</p> <p>* Meiri afþeygingu í frímínútum og lengri frímínútur.</p> <p>* Meiri stuðning fyrir börn af erlendum uppruna og börn með fatlanir. Samræma aðgerðir milli skóla.</p> <p>* Auka þarf viðveru skólahjúkrunarfræðings í öllum skólum.</p> <p>* Tryggja jafnt félagslíf í öllum skólum. Félagslíf mjög misjafnt á milli skóla.</p> <p>* Samráð við nemendur um kennsluefni og kennsluaðferðir.</p> <p>* Betri matur í skólana.</p> <p>* Betri Wifi.</p>	<p>* Hverfismiðstöðvar: það vantar fleiri félagsmiðstöðvar svo að aðgengi allra sé jafnt. Vantar t.d. félagsmiðstöð í Innri Njarðvík og á Ásbrú. Ekki allir sem hafa tök á því að fara í Fjörheima/88 húsið.</p> <p>* Fá betri kynningu á hvatagreiðslum, hvemig má nálgast þær og í hvað sé hægt að nota þær.</p> <p>* Hafa fleiri sameiginlega viðburði fyrir skólana, bæði úti og inni, eins og t.d. íþróttamót og gettu betur.</p> <p>* Hafa meiri fjölbreytileika í viðburðum. Of mikið um að það séu bara böll.</p> <p>* Vantar fleiri viðburði fyrir 8. - 10. bekk.</p> <p>* Endurskoða tímatöflur íþrótt- og tómstunda þannig að þær skarist ekki.</p> <p>* Skoða hvort hægt sé að auka afþeygingu fyrir börn og ungmenni um helgar, t.d. með því að hafa opna félagsmiðstöð.</p> <p>* Öll börn og ungmenni fái kynningu á Ungmennaráði og hlutverki þess.</p> <p>* Stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra barna og barna af erlendum uppruna í félagslífinu.</p> <p>* Fá betri kynningu inn í skólana á þeim íþróttum og tómstundum sem eru í boði í Reykjanesbæ.</p> <p>* Lengja opnunartíma í sundi.</p>	<p>* Koma á fót nýju leiðakerfi strætisvagna með sérstöku samráði við börn og ungmenni.</p> <p>Strætókerfoð og æfingatímar passa t.d. ekki vel saman.</p> <p>* Frítt í strætó fyrir börn og ungmenni, að minnsta kosti á skólatíma.</p> <p>* Bæta lýsingu á ýmsum svæðum, t.d. við skólalóðir og íþróttavelli.</p> <p>* Bæta við ruslatunnum víðsvegar um bæinn og tryggja að þær séu tæmdar oft. Laga þær tunnur sem þarfnast viðhalds. Vantar fleiri tunnur við skólalóðir.</p> <p>* Stuðla að litríkara umhverfi, t.d. með því að mála ruslatunnur o.fl.</p> <p>* Meira um gróður á opin svæði og við skólalóðir.</p> <p>* Bæta við fleiri hjólastígum og skapa þannig meira öryggi fyrir hjólréiðafólk.</p> <p>* Fara út að tína rusl oft.</p> <p>* Laga strætóskýli sem þarfnast viðhalds.</p> <p>* Fá fleiri aparólur og ærslabelgi, t.d. í Innri Njarðvík og upp á Ásbrú. Ekkert almennilegt leiktæki á Ásbrú.</p> <p>* Vantar fleiri leiksvæði fyrir börn og ungmenni.</p>	<p>* Auka fræðslu í skólum, t.d. kynfræðslu, fræðslu um andlega heilsu og líkamlega heilsu, ofbeldi, skaðleg áhrif vímuefna og loftslagsmál.</p> <p>* Fræðsla um mörk í kynlífi.</p> <p>* Fræða börn og ungmenni hvert sé hægt að leita sér aðstoðar vegna andlegra veikinda. Margir sem vita t.d. ekki af hjálparsíma 1717.</p> <p>* Að boðið verði upp á opna tíma hjá sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa 1x-2x í viku í skólum.</p> <p>* Hinsegin fræðsla í alla skóla. Fá góða kynningu á Hinsegin Plútó.</p> <p>* Aukna kennslu um pólitík og stjórnsmál, lýðræði og kosningar.</p>

# Nokkur áhersluatriði



- **Skólamál**

- Kennsla eða fræðsla í fjármálalæsi.
- Að fleiri skólar taki upp „vinnustund“ eins og Akurskóli.
- Auka viðveru hjúkrunarfræðinga í skólum.

- **Íþróttá-, tómstunda- og félagsmál.**

- Hverfisfélagsmiðstöðvar. Ekki allir sem hafa tök á því að fara í Fjörheima og 88 húsið.
- Skoða þarf tímatöflur íþróttá- og tómstunda þannig að þær skarist ekki.
- Meiri fjölbreytileika í viðburðum fyrir börn og ungmenni.
- Auglýsa betur þær íþróttir- og tómstundir sem eru í boði.

# Nokkur áhersluatriði



- **Umhverfis- og samgöngumál**

- Nýtt leiðarkerfi strætisvagna í sérstöku samráði við börn og ungmenni. *Núverandi kerfi og æfingatímar passa ekki vel saman.*
- Bæta þarf lýsingu á ýmsum svæðum, t.d. við skólalóðir og íþróttavelli.
- Meira um gróður á opin svæði og við skólalóðir.

- **Forvarnir og fræðsla**

- Meiri fræðslu, t.d. kynfræðslu, fræðslu um andlega og líkamlega heilsu, ofbeldi, mörk í kynlífi og skaðleg áhrif vímuefna.
- Fræða börn og ungmenni um hvert sé hægt að leita sér aðstoðar.
- Að boðið verði upp á opna tíma hjá sálfræðingi og/eða félagsráðgjafa 1x-2x í viku í skólum.



# Hvað verður gert við niðurstöðurnar?

- Stýrihópur innleiðingarinnar hefur umsjón með gerð aðgerðaáætlunar og skipuleggur aðgerðir út frá niðurstöðum stöðumats **í samráði við ungmennaráð.**
- **Niðurstöður ungmennapings** gefa góða vísbendingu um aðgerðir sem líklegt er að börn styðji og taki eftir.
- Mikilvægt að fá fram raddir barna.



Samkvæmt 42. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna skulu stjórnvöld fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann reglulega svo allir þekki réttindi barna.







Takk fyrir

